

28

		í peningum.		Hundrað á		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
<i>F. Skinnavara.</i>						
31.	1 <sup>c</sup> 4 fjórðungar nautsinnis . . . . . 10 pund á	11	76	47	4	39
32.	— 6 — kýrsinnis . . . . . — — —	9	65	57	90	48
33.	— 6 — hrosssinnis . . . . . — — —	7	35	44	10	37
34.	— 8 — sauðsinnis, af tvævetrum og eldri . . . . . — — —	5	38	43	4	36
35.	— 12 — sauðsinnis, af veturgömlum og ám . . . . . — — —	3	72	44	64	37
36.	— 6 — selsinnis . . . . . — — —	5	57	33	42	28
37.	— 240 lambsinn (vorlamba), einlit . . . . . hvert á	»	15	36	»	30
<i>G. Ýmislegt.</i>						
38.	1 <sup>c</sup> 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum, pundið á	15	25	91	50	76
39.	— 40 — — óhreinsuðum . . . . . — á	»	»	»	»	»
40.	— 120 — — fuglafíðri . . . . . 10 pund —	6	14	73	68	61
41.	— 40 — — fjallagrösnum . . . . . — — —	»	»	»	»	»
42.	5 álnir 1 dagsverk um heyannir . . . . .	2	12	50	88	42
43.	5 — 1 lambsfóður . . . . .	2	82	67	68	56

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landa-  
um verður:

<i>Eptir</i> A. eða í fríðu . . . . .	65	47	55
— B. — í ullu, smjöri og tólg . . . . .	61	20	51
— C. — í ullar tóvöru . . . . .	64	17	53
— D. — í fiski . . . . .	67	22	56
— E. — í lýsi . . . . .	47	25	39
— F. — í skinna-vöru . . . . .	43	73	36

En meðalverð allra landaura samantalið . . . . . 349 4 290

og skipt með G, sýnir:

**meðalverð allra meðalverða . . . . . 58 17 48**

Reykjavík, 18. dag marzmán. 1878.

*Bergur Thorberg. P. Pjetursson.*

29

18. febr.

## Stofnunarskrá

fyrir

alþýðuskóla í Flensburg.

1. grein.

Í Flensburg við Hafnarfjörð er stofnaður alþýðuskóli, af gjöf þeirri, er Þórarinn prófastur Böðvarsson í Görðum á Álptanesi og kona hans, frú Þórunn Jónsdóttir, hafa gefið til slíkrar stofnunar með brjefi, dags. 11. ágúst 1877. — Gjöf þessi er:

- Heimajörðin Hvaleyri í Álptaneshreppi, 18,3 hndr. að dýrleika, með öllum húsum, sem á jörðinni eru, og öllum jarðarnytjum.
- Skólahús í Flensburg með ofnum, borðum og bekkjum, og öllu naglföstu; útihús úr timbri og tún umgirt.

Eigur þessar eru virtar á 7500 kr., og er þar í gjöf frá kaupmanni D. A. Johnsen í Kaupmannahöfn, 400 kr., og ekkju Þórunni Sigurðardóttur, 200 kr.

29  
18. febr.

Auk þessa á skólinn það, sem óinnkomið er af söluverði fyrir «Lestrarbók handa alþýðu 1874», eptir skýrslu, sem útgefandinn gefur þar um stiptsyfirvöldunum.

Um skóla þennan eru samkvæmt gjafabréfinu settar þær undirstöðuákvæðanir, sem segir í eptirfylgjandi greinum.

#### 2. grein.

Skóli þessi á fyrst og fremst að vera barnaskóli fyrir Garðaprestakall á Álptanesi, og þar næst, eptir því sem efni og kringumstæður leyfa, almennur menntunarskóli, er gefi mönnum kost á að afla sjer þeirrar þekkingar, sem álitast má nauðsynleg hverjum alþýðumanni, er á að geta kallast vel að sjer.

#### 3. grein.

Arðinum af eignum skólans og öðrum tekjum, er til skólans kunna að renna, skal fyrst og fremst verja til að viðhalda skólahúsinu og endurbæta það, og svo til að kaupa nauðsynleg áhöld, til að ljetta kennslukostnað, og í aðrar þarfir skólans. Jafnan skal nokkurt fje vera í sjóði. Fje skólans skal ávaxta eptir sömu reglum og ómyndugra fje.

#### 4. grein.

Skólinn, eigur hans og tekjur skulu vera undir stjórn þriggja manna nefndar, sem stiptsyfirvöldin skipa. Nefndarmenn skipta sjálfir störfum með sjer; en að öðru leyti er engin ráðstöfun eða borgun af fje skólans gild, nema meiri hluti nefndarinnar hafi samþykkt hana.

Við lok hvers skólaárs skal skólanefndin senda stiptsyfirvöldunum skýrslu um skólann og um fjárhag hans.

#### 5. grein.

Stiptsyfirvöld Íslands hafa yfirumsjón yfir skólanum, og setja eptir tillögum skólanefndarinnar reglugjörð fyrir skólann um allt fyrirkomulag hans og stjórn; þau gæta þess, að efnun hans sje rjettilega varið, og samkvæmt tilgangi gjafar þeirrar, sem stofnun hans er byggð á.

Stiptsyfirvöldin yfir Íslandi, Reykjavík, 18. febrúar 1878.

*Bergur Thorberg P. Pjetursson.*

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um galla á stranduppboði.* — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi herra amtmannsins 12. f. m. hefi meðtekið skýrslu þá, er heimtuð var af sýslumanninum í Skaptafellssýslu um uppboð það á hinu strandaða frakkneska fiskiskipi Ernest & Maria, er hann hjelt 6. apríl f. á., læt jeg þess fyrst getið, að jeg geymi að skera úr, hvort sýslumaðurinn eigi að bera ábyrgð fyrir tollinum af áfengum drykkjum þeim, er seldir voru á tjeðu uppboðsþingi, þangað til lagður verður úrskurður á tollreikning hans um árið 1877, og tjái því næst herra amtmanninum þjónustusamlega það, sem nú skal greina, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Árna sýslumanni Gíslasyni.

Jeg get eigi látið mjer líka það, að sýslumaðurinn hefir vanrækt að gjöra alvarlega tilraun til að búa svo um, að landssjóðurinn fengi aðflutningsgjald það, er honum bar af áfengum drykkjum, er bjargað var við áminnzt strand, þar sem hann bauð þá eigi fyrst til sölu með þeim skildaga, að kaupandi skyldi skyldur að greiða hinn

30  
6. marz